

ERINDISBRÉF

Velferðar- og menningarnefndar Eyjafjarðarsveitar

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir sveitarstjórn. Sveitarstjóri starfar með nefndinni.

Skipan nefndarinnar

Sveitarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í velferðar- og menningarnefnd og er kjörtímabil hennar hið sama og sveitarstjórnar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann en nefndin kýs sér varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

Auk kjörinna fulltrúa eiga sveitarstjóri og skrifstofustjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

Hlutverk

Nefndin fer með eftirfarandi málefni:

- Málefni lista, menningar og safna.
- Íþrótt-, lýðheilsu- og æskulýðsmál.
- Málefni félagsmiðstöðvar.
- Málefni vinnuskóla.
- Málefni félagsþjónustu, aldraðra og fatlaðs fólks.
- Málefni barna og unglinga, önnur en þau sem falin eru barnaverndarnefnd.
- Jafnréttismál.
- Húsnæðismál.
- Forvarnir, áfengis- og vímuvarnir.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar, veita umsögn og hafa frumkvæði að tillögugerð í velferðar- og menningarmálum samkvæmt erindisbréfi þessu og þeim lögum og reglugerðum sem um málaflokkana gilda.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga og hafa eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin.
- Að fylgjast með því að stofnanir sem undir nefndina heyra vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.
- Að gera tillögu að gjaldskrá, samþykktum og reglum er varða þessa málaflokka.
- Að gera tillögu að úthlutun styrkja vegna þessara málaflokka samkvæmt reglum þar um og fjárhagsramma málaflokkanna hverju sinni.

- Að gegna hlutverki stjórnar bókasafns Eyjafjarðarsveitar sbr. bókasafnslög.
- Að skipa ritnefnd Eyvindar og hafa umsjón með útgáfu hans.
- Að annast undirbúning menningar- og hátíðarviðburða á vegum sveitarfélagsins.
- Að fylgja eftir stefnunni um *Heilsueflandi Eyjafjarðarsveit* og vera sveitarstjórn ráðgefandi varðandi framgang hennar.
- Að vera ráðgefandi um samninga við önnur sveitarfélög um félagsþjónustu þegar um slíka samninga er að ræða og fylgjast með framkvæmd þeirra.

Auk þess sem að framan greinir sinnir nefndin öðrum verkefnum sem undir nefndina heyra eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn felur henni. Meginhlutverk nefndarinnar er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin fer ekki með starfsmannamál.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Fjármál

Nefndin hefur umsagnarrétt um tillögur forstöðumanna við fjárhagsáætlunargerð og getur gert sínar tillögur til sveitarstjórnar.

Nefndin getur án samþykkis sveitarstjórnar ráðstafað fjármunum sem ekki eru sérmerktir í fjárhagsáætlunum þeirra málaflokka sem heyra undir nefndina. Listi yfir þá liði sem nefndinni er heimilt að ráðstafa án samþykkis sveitarstjórnar skal lagður fram um leið og fjárhagsáætlun er afgreidd.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega fjallað í V. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum að jafnaði þriðja hvern mánuð. Nefndinni er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefndarinnar, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

Nefndin skal halda gerðabók. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sveitarstjóra. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka á fyrir skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum V. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Eftirfylgni

Nefndin og sveitarstjóri hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi verkefni nefndarinnar.

Formaður og aðrir fulltrúar í nefndinni skulu snúa sér til sveitarstjóra til að fylgja eftir ákvörðunum og samþykktum hennar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann sjálfur boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara ásamt skrifstofu sveitarfélagsins.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns að minnsta kosti fjórum sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 fulltrúa, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans, nánustu venslamenn, félög eða félagasamtök sem hann starfar formlega fyrir svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt í sveitarstjórn 22.september 2022